

Akureyri 18. desember 2015

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis **frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Stjórn Eyþings leggst eindregið gegn sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) og þar með gegn frumvarpinu. Stjórn Eyþings leggur áherslu á að faglegt starf innan svæðisins verði eflt. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með sameiningunni er horft til samnýtingar á húsnæði, búnaði og starfsfólki, ekki verður annað séð út frá þessum orðum en með sameiningu muni starfsemi RAMÝ að endingu flytjast frá Skútustaðahrepp til Höfuðborgarsvæðisins og þar með fjarri viðfangsefni RAMÝ.

Stjórn Eyþings hvetur til þess að leita lausna í samráði við heimamenn og Náttúrustofu Norðausturlands. Að mati stjórnar Eyþings kemur til álita að verkefni RAMÝ, sem að mati stjórnar eru mjög mikilvæg, verði flutt til Náttúrustofu Norðausturlands með þjónustusamningi. Stjórn Eyþings vekur einnig athygli á bókunum þeirra sveitarfélaga, sem verndarsvæði Mývatns og Laxár nær til, sem leggjast hart gegn sameiningu RAMÝ og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Eðlilegt er að horft sé til afstöðu þeirra sveitarfélaga.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að stofnunin byggist upp af dreifðri starfsemi. Frá því er horfið með þessu frumvarpi og farið yfir í miðlæga starfsemi. Stjórn Eyþings vekur athygli á nauðsyn þess að tryggja beina aðkomu Akureyrardeildar að yfirstjórn stofnunarinnar til að tryggja að hún verði ekki afskipt, t.d. með því að annað hvort verði þar starfandi yfirmaður fagsviðs eða forstöðumaður fyrir starfsstöðinni. Að undanförmu hefur starfmönnum á Akureyrardeild fækkað.

F.h. stjórnar Eyþings



Pjetur Þór Jónsson  
framkvæmdastjóri



# Héraðsnefnd Þingeyinga

---

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Húsavík 16. desember 2015

**Efni: Umsögn Héraðsnefndar Þingeyinga um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Á fundi Héraðsnefndar Þingeyinga (HNP) 24. nóvember sl. voru áform um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn til umræðu og var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

*Héraðsnefnd Þingeyinga tekur heils hugar undir þær bókanir sem sveitarfélögin sem verndarsvæði Mývatns og Laxár nær til hafa gert varðandi áform um sameiningu Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) við Náttúrufræðistofnun Íslands. Nefndin lýsir algjerri andstöðu við þessi sameiningaráform, sem byggja á þeirri meginhugmynd að miðstýra skuli starfsemi í byggðum landsins frá miðlægum stofnunum í höfuðborginni. Héraðsnefnd bendir á að allar forsendur eru til að ná fram markmiðum umræddrar sameiningar með rekstrarsamstarfi og/eða samningum RAMÝ við öfluga þekkingar- og rannsóknastarfsemi í Þingeyjarsýslum, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands. Ennfremur sé ekkert því til fyrirstöðu að RAMÝ haldi áfram góðu samstarfi við hinar miðlegu stofnanir ríkisins undir eigin nafni.*

Ofanritað tilkynnist hér með,

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri HNP

Nefndasvið Alþingis,  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Nefndasvið v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. desember 2015  
2015120001/42-1-1  
JGO, TB  
jgo/tb

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 1. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.

Eins og rakið er í greinargerð með umræddu frumvarpi er verið með sameiningu Náttúrufræðistofnunarinnar við Mývatn (RAMÝ) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að leitast við að einfalda og styrkja stofnanaumgjörðina, bæta tæknilegt stofnanaumhverfi RAMÝ og efla faglegt starf á sviði gagnaöflunar, rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands. Jafnframt er verið að styrkja starfsemi stöðvarinnar og efla rannsóknir og vöktun á náttúru Mývatns- og Laxárvæðisins. Áhersla er lögð á markvissa uppbyggingu gagnasafna og rannsóknainnviða með betri þjónustu við samfélagið og nýtingu fjármuna að leiðarljósi. Þverfaglegt starf verður eflt og verkefnum á Mývatns- og Laxárvæðinu fjölgað. Náttúrufræðistofnun telur að sameining NÍ og RAMÝ muni styrkja starfsemi beggja og leiða til öflugri starfsemi á Mývatns- og Laxárvæðinu og mælir með henni.


Í frumvarpinu er einnig lagðar til breytingar á stjórnskipulagi og skipuriti Náttúrufræðistofnunar. Breytingarnar voru unnar í samráði við stofnunina, en verið er að laga löggjöfina að þeim breytingum sem orðið hafa á stjórnskipulagi og starfsemi Náttúrufræðistofnunar á undanförunum mörgum árum. Náttúrufræðistofnun er sammála öllum þeim breytingum á stjórnskipulaginu sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Náttúrufræðistofnun tók virkan þátt í undirbúningi frumvarpsins og er mjög sátt við það. Mælt er með að Alþingi samþykki frumvarpið og að lögin öðlist gildi sem fyrst.



Stofnunin er til reiðu búin að mæta á fund nefndarinnar og svara spurningum er varða frumvarpið og athugasemdir sem fram hafa komið í öðrum umsögnum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson





Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

1. desember 2015

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi með netpósti þann 1. desember sl. Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn (RAMÝ) til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um (1) Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og (2) verndun Mývatns og Laxár í Suður-Píngeyjarsýslu, 371. mál. Fer umsögn RAMÝ hér á eftir.

Umsögn RAMÝ:

Aðalefni frumvarpsins er sameining rannsóknastöðvarinnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn var frá upphafi þáttakandi í þeirri vinnu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem leiddi til frumvarpsins, og þar af leiðandi gerir RAMÝ ekki athugasemdir við það. Ekki verður betur séð en að markmiðum laga um verndun Mývatns og Laxár verði fyllilega náð, og að frumvarpið sé í samræmi við þá heitstrengingu sem rannsóknastöðin hefur haft að leiðarljósi á þeim liðlega 40 árum sem hún hefur starfað:

...

## NÁTTÚRURANNSÓKNASTÖÐIN VIÐ MÝVATN MARKMIÐ OG LEIÐIR

### NÁTTÚRA MÝVATNS OG LAXÁR

Mývatn og Laxá og vatnasvið þeirra er lífríkt og fjölbreytt vatnakerfi sem á sér enga hliðstæðu á jörðinni. Svæðið nýtur sérstakrar verndar með lögum og alþjóðasamningi. Það laðar að sér fjölda ferðamanna og fóstrar jafnframt mikið mannlíf sem nýtir náttúruauðlindir þess. Náttúra svæðisins tekur umtalsverðum breytingum, m.a. vegna jarðfoks, eldvirkni, námuvinnslu, jarðhitanýtingar, ræktunar, breytinga á búfjárbreit, búsetu, samgöngumannvirkja og annarrar mannvirkjagerðar.

### NÁTTÚRURANNSÓKNASTÖÐIN VIÐ MÝVATN

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er vísindastofnun og fæst við rannsóknir á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það

höfuðmarkmið að skilja og sjá fyrir náttúrufarsbreytingar. Stöðin leitast við að standa í fremstu röð í rannsóknum á vistfræði vatns og lífríki vatna og vöktun þeirra. Hún stefnir að því að rannsóknir á hennar vegum standist alþjóðlegar kröfur og að rannsóknaniðurstöður birtist í ritrýndum vísindaritum. Vegna gildis langtímagagna um ástand vatns og lífríkis þess fyrir rannsóknir og ráðgjöf safnar stöðin og heldur til haga slíkum gögnum. Stöðin birtir skrá um rannsóknir sem gerðar hafa verið á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra. Hún leitast við að laða til sín sérfræðipækkingu með samvinnu við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og að veita starfsfólki þeirra og nemendum í náttúrufræðum aðstöðu til rannsókna og hlutdeild í gagnasafni stöðvarinnar.

#### *Miðlun þekkingar*

Stöðin miðlar þekkingu á náttúru svæðisins til almennings og skóla í ræðu og riti og styður við sýningarhald og aðra fræðslu um náttúru svæðisins og nærliggjandi þjóðgarða. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að fræðslu um svæðið, verndun þess og nýtingu. Stöðin leitast við að safna og miðla gögnum um sögu og menningu svæðisins og leggur sérstaka rækt við að styðja við skólustarf á starfssvæði sínu.

#### *Umgengni*

Við rannsóknir sínar leitast stöðin við að raska ekki náttúrunni eða trufla dýralíf, og að vinna í samráði við landeigendur og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

...

Upplýsingar um starfsemi RAMÝ má finna á slóðinni [www.ramy.is](http://www.ramy.is) og á „Facebook“-síðu Náttúrufræðistöðvarinnar við Mývatn.

Með virðingu



Dr. Árni Einarsson,  
forstöðumaður RAMÝ

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Húsavík, 22.12.2015

**Efni: Umsögn stjórnar Náttúrustofu Norðausturlands um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Stjórn Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) leggst harðlega gegn framkomnu frumvarpi og öllum hugmyndum um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ). Stjórnin lítur svo á að fyrirhuguð sameining, sem yrði í raun yfirtaka NÍ á starfsemi RAMÝ, verði til þess að veikja náttúrurannsóknir í Þingeyjarsýslum og minnka tengsl samfélags og þeirra vísindamanna sem vinna við vöktunarrannsóknir á lífríki Mývatns og Laxár. Mikilvægt er að fagþekking og rannsóknastarf haldist nærri viðfangsefnum í héraði og því með öllu óásættanlegt að heimilisfesti, stjórn og umsýsla RAMÝ verði flutt til höfuðborgarsvæðisins.

Náttúrustofa Norðausturlands er rannsóknastofnun sem starfar undir sömu lögum og NÍ, stundar að hluta til sambærilegar rannsóknir og RAMÝ og hefur skilgreint starfssvæði frá Ólafsfirði í vestri að Langanesi í austri, þ.á.m. Mývatns- og Laxárvæðið. Stofan er rekin af Skútustaðahreppi, Norðurþingi, Þingeyjarsveit og Tjörneshreppi og því eiga öll sveitarfélög sem land eiga að Mývatni og Laxá aðkomu að rekstri NNA. Samningur milli sveitarfélaga og ríkis gildir um reksturinn skv. lögum, þar sem ríkið greiðir 70% rekstrarframlagsins. Auk þess sinnir NNA vöktunarrannsóknum í Þingeyjarsýslum fyrir ríkið samkvæmt sérstökum samningi. Þyki ástæða til að breyta með einhverjum hætti skipulagi RAMÝ er það álit stjórnar NNA að æskilegt væri að kanna fyrst hvort ná megi fram ætluðum markmiðum heima fyrir, með aukinni samvinnu og samþættingu á starfsemi NNA og RAMÝ og efla þannig rannsóknastarf í héraði. Samstarfið mætti útfæra m.a. með sérstökum þjónustusamningi. Ekkert ætti að standa í veginum fyrir því að slíkt verði skoðað, enda NNA nú þegar fjármagnað að mestu frá ríki samkvæmt tveimur rekstrar- og þjónustusamningum eins og að framan greinir.

Að færa heimilisfesti, stjórn og umsýslu RAMÝ úr Mývatnssveit til NÍ í Garðabæ getur seint talist í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um byggðamál og er heldur ekki í samræmi við tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar, sem þó eru einhverra hluta nefndar til grundvallar frumvarpinu.

- *Í stefnu um ríkisstjórnarinnar segir m.a. um byggðamál: "Mikilvægt er að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land, m.a. með dreifingu opinberra starfa..."*
- *Í athugasemdum með frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar segir í fyrstu setningu um tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar: „Með sameiningu Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands er leitast við að einfalda stofnanaumgjörðina í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og niðurstöður hagræðingarhóps hennar.“*

- *Í téðum niðurstöðum hagræðingarhópsins (tillögu nr. 104) segir hins vegar: „**Verkefni Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn verði flutt undir háskóla eða sameinist náttúrustofu svæðisins.“***

Stjórn NNA telur það með öllu óásættanleg vinnubrögð að ekkert samráð skuli hafa verið haft við NNA í aðdraganda þess að frumvarp um sameiningu NÍ og RAMÝ var lagt fram. Þrátt fyrir að vera stór og augljós hagsmunaaðili var NNA ekki boðin aðkoma að stýrihópi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um samlegð stofnana á sviði rannsókna og vöktunar, né heldur var orðið við ítrekuðum óskum stjórnar NNA um fundi og aðkomu að málinu þegar komnar voru fram hugmyndir um sameiningu NÍ og RAMÝ sumarið 2015, sbr. bréf til umhverfisráðherra dags. 17. júlí 2015. Í ljósi m.a. stefnu ríkisstjórnarinnar og niðurstöðu hagræðingarhóps hennar hefði verið eðlilegt að NNA hefði haft aðkomu að málinu strax á fyrstu stigum.

f.h. stjórnar Náttúrustofu Norðausturlands,



Jón Helgi Björnsson, stjórnarformaður





Náttúrustofa  
Norðausturlands

Umhverfissráðherra  
Sigrún Magnúsdóttir  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Húsavík, 17. júlí 2015.

**Efni:** Samrekstur Náttúrustofu Norðausturlands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

Stjórn Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) óskar eftir því að teknar verði upp viðræður um samrekstur NNA og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ). Óskinn er sett fram í ljósi fréttaplutnings af fyrirhugaðri sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og RAMÝ. Markmiðið verði að efla starfsemi þessara rannsóknastofnana í héraði, með aukinn svæðisbundinn slagkraft í náttúrurannsóknum, eflingu samfélags og hagræði að leiðarljósi.

Náttúrustofa Norðausturlands starfar skv. lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 62/1992, með síðari breytingum. Stofan er rekin af Norðurþingi og Skútustaðahreppi samkvæmt samningi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og er stjórn NNA skipuð fulltrúum þessara sveitarfélaga. Auk þeirra hafa Þingeyjarsveit og Tjörneshreppur einnig tekið þátt í rekstri Náttúrustofunnar undanfarin ár. Starfsstöð stofunnar er á Húsavík og þar starfa fimm manns í jafn mörgum stöðugildum á ársgrundvelli.

Fjöldmörg sterk rök má færa fyrir samrekstri NNA og RAMÝ, enda er hlutverk og starfsemi þessara tveggja stofnana um margt lík og þær starfa í sama héraði. Mikil samlegð og aukið hagræði fælist í samnýtingu starfsfólks, tækjabúnaðar, aðstöðu o.fl., enda vinna stofnanirnar á sama fagsviði og sinna að miklu leyti sambærilegum verkefnum. Samrekstur stofnananna mun því í senn leiða til ýmissar hagræðingar og eflingar rannsókna á lífríki Mývatns- og Laxár og Norðausturlands almennt. Samrekstur NNA og RAMÝ mun einnig koma til með að efla þekkingarstarfsemi í Mývatnssveit og Þingeyjarsýslum. Samfélagslega er það mjög mikilvægt og í takt við fyrirætlanir um uppbyggingu þekkingarseturs í Mývatnssveit.

RAMÝ var stofnuð með lögum um verndun Mývatns og Laxár en þau lög byggja á sáttargjörð aðila að Laxárdeilunni frá árinu 1973. Mikilvægt er því að heimamenn séu með í ráðum þegar fjallað er um framtíð RAMÝ og hugsanlega sameiningu við stóra ríkisstofnun á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir liggur vilji Þingeyinga og hann er skýr. Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, ásamt bæjarráði Norðurþings, hafa ályktað um að horft verði fremur til sameingar/samvinnu/samstarfs NNA og RAMÝ en RAMÝ og Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá meðfylgjandi).

Virðingarfyllt,

Jón Helgi Björnsson, stjórnarformaður NNA



# Norðurþing

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt.-640169-5599

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Húsavík 22. desember 2015

**Efni: Umsögn Norðurþings um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 25. ágúst sl. og er hér með áréttað:

*Bæjarstjórn tekur undir eftirfarandi bókun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps: "Í ljósi frétt aflutnings um boðaða sameiningu Náttúrufræðistofnunar Ísland (NÍ) og Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) vill sveitarstjórn Skútustaðahrepps hvetja umhverfisráðherra til að horfa frekar til sameiningar/samvinnu/samstarfs Náttúrustofu Norðausturlands og RAMÝ. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps bendir á að um árabíl hefur stjórn Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) haft áhuga á því að teknar verði upp viðræður um náð samstarf Náttúrustofunnar og RAMÝ. Markmiðið verði að efla starfsemi þessara rannsóknastofnana í héraði, með aukinn svæðisbundinn slagkraft í náttúrufræðisráðgjafi, eflingu samfélags og hagræði að leiðarljósi. Starfsemi NNA er m.a. fjármögnuð með framlögum sveitarfélaganna í Þingeyjarsýslum. RAMÝ er ein örfárra opinberra stofnana sem starfsemi hafa í Mývatnssveit. Stofnunin er rótgróin og nær starfsemi hennar í sveitinni aftur til ársins 1975. Samfelld starfsemi árið um kring hefur þó aldrei verið í Mývatnssveit, allan þann tíma sem stöðin hefur starfað. Það er eindreginn vilji sveitarstjórnar Skútustaðahrepps að starfsemi RAMÝ verði eflað enn frekar og það mikilvæga starf sem þar hefur verið unnið á undanförunum árum verði nýtt í þágu svæðisbundinnar þekkingaruppbyggingar og eflingu byggðar í Mývatnssveit og Þingeyjarsýslum."*

Ofangreint tilkynnist hér með.

  
NORÐURÞING  
Kristján Þór Magnússon, bæjarstjóri

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana) er að finna grundvallarbreytingu á stjórnskipulagi Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), frá gildandi lögum. Setur stofnunarinnar eru lögð af ásamt forstöðumönnum og þess í stað er gert ráð fyrir starfsstöðvum. Fjöldi þeirra er ótilgreindur í frumvarpinu.

Samtök náttúrustofa telja það vera óheillavænlega þróun fyrir rannsóknastarfsemi á sviði náttúrufræða utan höfuðborgarsvæðisins að stjórnun, umsýsla, stefnumörkun og fjárhagslegt sjálfstæði skuli fært til miðlægrar stofnunar á höfuðborgarsvæðinu. Í frumvarpinu á þetta bæði við um Akureyrarsetur NÍ og Náttúrufræðistofnuna við Mývatn (RAMÝ). Starfandi í öllum landshlutum þekkja stjórnendur náttúrustofa vel af eigin raun hversu mikilvægt það er að vera nálægt viðfangsefnum sínum og í góðum tengslum við nærsamfélag. Að mati Samtaka náttúrustofa er hættu á að aukin fjarlægð stjórnunar og stefnumörkunar starfsstöðva frá viðfangsefnum og samfélagi muni koma sér illa bæði fyrir bæði Akureyrarsetur NÍ og RAMÝ. Fjárhagslegt sjálfstæði starfseininga utan höfuðborgarsvæðisins er líka grundvallaratriði því það hvetur starfsfólk til að afla aukinna verkefna og auka veg sinna eininga. Búast má við að aukin miðstýring og útibúavæðing miðlægra ríkisstofnana drepri niður frumkvæði starfsmanna starfsstöðva úti um landið, auk þess sem sagan sýnir að þegar kreppir að bitnar það fyrst og verst á útibúunum.

Samtök náttúrustofa telja að verkefni á sviði vöktunar á náttúru Íslands eigi hvergi betur heima en á náttúrustofunum, sem staðsettar eru allt í kring um landið, í samvinnu við miðlægar stofnanir. Ríkið hefur þegar fjárfest mikið í náttúrustofum, háskólasetrum og þekkingarsetrum, sem gjarnan starfa í nánú samneyti, og augljóst er að vöktunarverkefnum er hagkvæmast að sinna sem næst viðfangsefnum. Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar virðist sömu skoðunar en tvær af tillögum hans snerta náttúrustofur og færslu verkefna ríkisins til þeirra:

*103. Starfsemi Náttúrufræðistofnunar verði endurskoðuð og kannaðir kostir þess að samþætta hana sambærilegum verkefnum háskóla og **náttúrustofa**.*


*104. Verkefni Náttúrufræðistofnunarinnar við Mývatn verði flutt undir háskóla eða sameinist **náttúrustofu svæðisins**.*

Í þessu ljósi skýtur það skökku við að í frumvarpinu sé lagt til að hin sérhæfða og staðbundna Náttúrufræðistofnun við Mývatn renni inn í Náttúrufræðistofnun Íslands. Miklu nær er að horfa til samlegðar RAMÝ og Náttúrustofu Norðausturlands, sem einnig er staðbundin rannsóknastofnun, rekin m.a. af Skútustaðahreppi, og sinnir margvíslegri vöktun á náttúru svæðisins. Það yrði bæði fjárhagslega og byggðalega hagkvæmt, líkt og efling náttúrustofanna almennt. Vel er þekkt að til að hindra búferlaflutninga af landsbyggð til þéttbýlis þurfa að vera á landsbyggðinni fjölbreytt störf, ekki síst þekkingarstörf. Styrking starfsstöðva á landsbyggðinni í stað veikingar væri meira í anda

stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, þar sem segir m.a. „*Mikilvægt er að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land, m.a. með dreifingu opinberra starfa....*“.

Aukið hlutverk staðbundinna stofnana í rannsóknum og vöktun á náttúru Íslands kemur alls ekki í veg fyrir samræmingu aðferða, vistunar og dreifingar gagna, ásamt úrvinnslu, en öllu þessu má ná fram með aukinni og formlegri samvinnu milli náttúrustofanna annars vegar og miðlægra stofnana hins vegar. Það hefur aldrei verið auðveldara en nú að reka dreifða starfsemi, þar sem flestir staðir búa við góða nettengingu. Gengur þessi tillaga því gegn tímans gangi.

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka náttúrustofa (SNS),



---

Róbert A. Stefánsson, formaður



## Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjori@mvy.is](mailto:sveitarstjori@mvy.is)

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mývatnssveit 15. desember 2015

### **Efni: Umsögn Skútustaðahrepps um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 15. desember 2015 var m.a tekin til umræðu og afgreiðslu umsögn um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.  
Eftirfarandi bókun var samþykkt.

*„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggst gegn áformum um sameiningu RAMÝ og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Að mati sveitarstjórnar hefur ekki verið sýnt fram á hvernig boðuð sameining muni efla starfsemi RAMÝ í Mývatnssveit. Í því sambandi er vert að benda sérstaklega á að í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með sameiningunni er horft til samnýtingar á húsnæði, búnaði og starfsfólki. Ekki verður annað séð út frá þessum orðum en að með sameiningu muni starfsemi RAMÝ að endingu flytjast úr Skútustaðahreppi og þar með fjarri viðfangsefni RAMÝ og tengingum við nærsamfélagið í Mývatnssveit. Sveitarstjórn ítrekar fyrri skoðun um að brýnt sé að efla og auka rannsóknarstarf í héraði m.a. með aukinni samvinnu/samstarfi RAMÝ og Náttúrustofu Norðausturlands. Slíkt samstarf mætti útfæra í sérstökum þjónustusamningi.“*

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virgilega til  
Jón Óskar Petursson  
Jón Óskar Petursson, sveitarstjóri

Akureyri 16. desember 2015

Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: Þingskjal 504 – 371. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnanana).

Umsögn:

Með bréfi þessu vil ég koma á framfæri athugasemdum við umrætt frumvarp sem er til umfjöllunar hjá nefndinni. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að breyta setri Náttúrufræðistofnunar á Akureyri í starfsstöð og um leið að leggja af stöðu forstöðumanns á Akureyri. Með því er dregið úr vægi og sjálfstæði Akureyrarhluta stofnunarinnar. Í lögum um Náttúrufræðistofnun Ísland (60/1992) var gerð metnaðarfull tilraun til að byggja upp landsstofnun sem byggð væri upp af jafnrétt háum setrum en stefnumótun og samhæfingu starfsins sinnt af forstjóra sem ekki væri tengdur sérstaklega neinu setra stofnunarinnar. Hjá héraendum stofnunum er algengt að höfuðstöðvarnar í Reykjavík séu allsráðandi og því vöktu lögin um Náttúrufræðistofnun von um að vilji væri til að byggja upp dreifstýrða stofnun.

Verði lögunum breytt eins og lagt er til er hætt við að starfsemin á Akureyri verði afskipt þar sem enginn fulltrúi setursins tekur þátt í fundum yfirstjórnar stofnunarinnar en þar hefur forstöðumaður Akureyrarseturs átt sæti hingað til.

Virðingarfyllt



Starri Heiðmarsson

grasafræðingur við Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. desember 2015  
UST201512-006/A.B.G.  
04.04

## Efni: Frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár - 371. mál

Umhverfisstofnun vísar til erindis frá umhverfis og samgöngunefnd Alþingis dags. 1. desember 2015, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga sbr. þingskjal 504 - 371. mál, um breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Ísland og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu (sameining stofnana).

Umhverfisstofnun fer með umsjón og eftirlit verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá og er hlutverk stofnunarinnar að tryggja og viðhalda verndargildi svæðisins. Í markmiðum laganna um verndun Mývatns og Laxár kemur fram að löggin eigi að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxáarsvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Löggin eiga einnig að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár.

Í frumvarpinu sem hér er til meðferðar er gert ráð fyrir því að Náttúrufræðistofnun Íslands haldi reglulega samráðsfundi, þó ekki sjaldnar en árlega, með sveitarfélögum á svæðinu og Umhverfisstofnun, þar sem farið verði yfir rannsóknir og vöktun svæðisins og rekstur náttúruvannastöðvarinnar.

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að tryggja tengsl rannsókna á verndarsvæði Mývatns og Laxár við stjórnarsýslu og þær verndarráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að viðhalda verndargildi svæðisins þannig að rannsóknir sem gerðar eru nýtist beint við þær ákvarðanir sem taka þarf til að ná markmiðum laganna. Samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki nema komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun fer með stjórnarsýslu og náttúruvernd á svæðinu og því mikilvægt að haft sé samstarf við stofnunina þegar kemur að ákvörðunum um rannsóknir á Mývatns og Laxáarsvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á í því sambandi að svæðið er á rauðum lista stofnunarinnar og er ástæða þess ástand lífríkis vatnsins, en kúluskítur er nú horfinn úr vatninu, silungastofninn er hruninn og mikil fjölgun blágrænþörungna ásamt leirlosi hafa neikvæð áhrif á vistfræði vatnsins. Meginástæður þessa ástands í vatninu er rakin til áhrifa mannsins. Það er því mjög mikilvægt fyrir Umhverfisstofnun að rannsóknum sé beint að þeim vandamálum sem koma upp í tengslum við svæðið þannig að hægt sé að nýta þær heimildir sem Umhverfisstofnun hefur þegar upp koma aðstæður sem þarf að bregðast við til að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif innan verndarsvæðisins. Umhverfisstofnun telur því að samráðsfundir einu sinni á ári séu ekki gott tæki til að ná fram þeim umbótum sem þurfa að koma til sbr. 7. grein breytingartillögunnar.

Umhverfisstofnun leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þannig að stofnuninni verði veitt aðkoma að ákvarðanatöku þegar kemur að rannsóknaráætlun innan verndarsvæðisins til að tryggja það að ákvarðanir séu vel undirbyggðar með rannsóknum.

Í reglugerð um rannsóknarstofnunina við Mývatn er fjallað um fagrád, en í þessari breytingu sem frumvarpið felur í sér, er ekki fjallað um aðkomu annarra fagaðila um rannsóknaráætlun fyrir svæðið. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja aðkomu allra þeirra aðila sem þekkingu hafa á svæðinu til að sú þekking sem til er nýtist inn í rannsóknir og ákvarðanir á svæðinu. Mývatn er eitt mikilvægasta votlendissvæði á Íslandi og Ísland hefur einnig skyldur gagnvart svæðinu á heimsvísu enda er svæðið Ramsarsvæði sem er skrá yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Svæðið er eins og áður sagði á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem eiga í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu. Umhverfisstofnun bendir á að í núgildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá segir að vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði skuli vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun getur þar haft samstarf við aðra aðila um vöktun. Umhverfisstofnun telur tilvik Mývatns og Laxár skýrt dæmi þar sem fyrrgreind ákvæði nýrra náttúruverndarlaga eiga við til þess að tryggja viðeigandi verndarráðstafanir fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Teymisstjóri



Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur





**Veiðifélag Laxár og Krákár.**  
**Kt. 470873-0199.**  
**Auðnum, 641 Húsavík.**  
**Sími 464-3208. Netfang [audnir@simnet.is](mailto:audnir@simnet.is).**


**22.12. 2015.**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Stjórn Veiðifélags Laxár og Krákár hefur fengið til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis **frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. Mál.**

Stjórn Veiðifélags Laxár og Krákár leggst eindregið gegn sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) og þar með gegn frumvarpinu og vísar annars til rökstuðnings sveitarfélaganna Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings í umsögnum þeirra um frumvarpið.

F.h. Veiðifélags Laxár og Krákár.

  
-----

## Stjórn Veiðifélags Mývatns

Mývatnssveit 23. desember 2015

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

### **Athugasemdir stjórnar veiðifélags Mývatns við frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Stjórn Veiðifélags Mývatns leggst eindregið gegn sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) og þar með gegn frumvarpinu. Stjórn Veiðifélags Mývatns leggur áherslu á að faglegt starf innan svæðisins verði eftt en í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með sameiningunni sé horft til samnýtingar á húsnæði, búnaði og starfsfólki. Ekki verður annað séð út frá þessum orðum en með sameiningu muni starfsemi RAMÝ að endingu flytjast frá Skútustaðahreppi til Höfuðborgarsvæðisins og þar með fjarri viðfangsefni RAMÝ og nærumhverfi. Í ljósi forsögu RAMÝ er slíkt algerlega óviðunandi.

Stjórn Veiðifélags Mývatns hvetur til þess að leitað verði lausna í samráði við heimamenn og Náttúrustofu Norðausturlands. Að mati stjórnar Veiðifélags Mývatns kemur til álita að verkefni RAMÝ, sem að mati stjórnar eru mjög mikilvæg, verði flutt til Náttúrustofu Norðausturlands með þjónustusamningi. Stjórn Veiðifélagsins vekur einnig athygli á bókunum þeirra sveitarfélaga, sem verndarsvæði Mývatns og Laxár nær til, sem leggjast hart gegn sameiningu RAMÝ og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Eðlilegt er að horft sé til afstöðu þeirra sveitarfélaga.

F.h. stjórnar Veiðifélags Mývatns



---

Helgi Héðinsson  
Formaður



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Sími 5806300, Símbréf 5806301, [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is)

Árleyri 22, 112 Reykjavík

Alþingi  
Nefndasvið  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2015

**Umsögn um um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana). Þingskjal 504, 371. mál.**

Alþingi hefur nýverið samþykkt lög um sameiningu Hafrannsóknarstofnunar og Veiðimálastofnunar í nýja stofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsóknar- og ráðgjafarstofnun haf og vatna.

Rannsóknarstöðin við Mývatn hefur það hlutverk að fylgjast með lífríki Mývatns og Laxár. Veiðimálastofnun hefur átt farsælt samstarf við Rannsóknarstöðina þegar kemur að rannsóknum á fiskstofnum Mývatns og Laxár. Samkvæmt þessu frumvarpi á að sameina Rannsóknarstöðina Náttúrufræðistofnun. Þar með er lagður grunnur að ferskvatnsrannsóknum innan Náttúrufræðistofnunar. Mun heppilegra væri að sameina Náttúrufræðistofnunina hinni nýju Hafrannsóknastofnun þar sem hún á miklu meira sameiginlegt en á Náttúrufræðistofnun. Frumvarpið er til þess fallið að dreifa kröftum og fjármunum í rannsóknum á lífríki vatna á fleiri staði og er í andstöðu við þá stefnu sem mörkuð var í sameiningu Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri

**Efni:** Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár og laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 371. mál

Vísað er til áforma um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÍ) sem fram koma í ofangreindum lagafrumvörpum.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur hlutverkum að gegna á sviði þekkingarstarfsemi á starfssvæði sínu, Þingeyjarsýslum. Í samþykktum stofnunarinnar kemur eftirfarandi m.a. fram um hlutverk ÞÞ:

- að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í Þingeyjarsýslum
- að vera leiðandi af í að byggja upp samstarf þeirra aðila er stunda rannsóknir í héraðinu og stuðla að aukinni starfsemi rannsóknaraðila í héraðinu
- að taka virkan þátt í að móta öflugt nýsköpunarumhverfi í Þingeyjarsýslum í samstarfi við hagsmunaaðila í héraðinu
- að samþætta rannsóknir, fræðastarf, menntun og þróunarstarf og hagsmuni þeirra aðila sem koma að þessum málaflokkum

Í samningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ÞÞ kemur enn fremur eftirfarandi fram:

- stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna, fræðastarfs, menningarstarfsemi og atvinnuþróunar.
- Byggja upp og viðhalda sérþekkingu á samfélagi og byggð Þingeyjarsýslna og hagnýta þá þekkingu í rannsóknastarfi.
- Taka virkan þátt í faglegri umræðu innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs.

Með vísan til ofangreindra hlutverka ÞÞ og fyrirliggjandi áforma um sameiningu RAMÝ við NÍ vill stjórn Þekkingarnets Þingeyinga koma eftirfarandi álit á framfæri:

*Það er mat Þekkingarnets Þingeyinga að ein meginforsendan fyrir árangri í þekkingarstarfsemi í byggðum landsins sé að viðhaldið sé sjálfsforræði stofnana í heimahéraði. Sjálfstæði slíkra eininga og/eða forræði í heimahéraði getur skapað aukinn drifkraft og ný tækifæri í starfseminni, m.a. til verkefnaöfiunar og fjármögnunar. Í Þingeyjarsýslum, á starfssvæði RAMÝ, er sterkt bakland í heimahéraði með öflugri fagstofnun í náttúruvísindum, Náttúrustofu Norðausturlands, sem rekin er í samstarfi ríkisvaldsins og sveitarfélaganna (þ.á.m. Skútustaðahrepps) og einnig öðrum stofnunum (þ.m.t. ÞÞ). Þá stendur yfir þróunarvinna við myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit, fyrir fjárveitingu úr sóknaráætlun ríkisstjórnar (uppbyggingarsjóði Eyþings), en ætla má að RAMÝ hljóti að verða ein af undirstöðustofnunum þess klasa, hafandi starfrækt þekkingarstarfsemi í Mývatnssveit lengst allra þekkingarstofnana í héraðinu.*

*Með vísan til ofangreinds er það mat Þekkingarnets Þingeyinga að ekki sé vænlegt fyrir þróun þekkingarstarfsemi í Þingeyjarsýslum að sameina RAMÝ miðlægri stofnun. Fremur beri að byggja á sterkum innviðum í heimahéraði, viðhalda sjálfstæði RAMÝ og þróa stofnunina til samrekstrar í heimahéraði, s.s. með þátttöku í myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit og samstarfssamningi við Náttúrustofu Norðausturlands, eftalín er þörf á aukinni samlegð.*

f.h. stjórnar Þekkingarnets Þingeyinga

**Aðalsteinn Árni Baldursson**, formaður stjórnar





# Þingeyjarsveit

590602-2640  
Kjarna - 650 Laugar  
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422  
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is  
www.thingeyjarsveit.is

**Nefndarsvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Laugar 22.12.2015

**Efni: Umsögn Þingeyjarsveitar um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

*„Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggst eindregið gegn sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrufræðistofnunar við Mývatn (RAMÝ) og þar með gegn frumvarpinu og tekur undir bókun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps frá 15. 12. 2015. Jafnframt lítur sveitarstjórn fyrri ályktun sína um að eðlilegra sé að horfa til aukins samstarfs rannsóknastofnanna í héraði.“*

Ofangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

  
Sveitarstjóri  
Þingeyjarsveitar

Dagbjört Jónsdóttir,  
sveitarstjóri Þingeyjarsveitar